

Nd. **187. Frumvarp til laga** [177. mál]

um breytingu á lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. l. nr. 25/1986, um breytingu á þeim lögum.

Flm.: Jón Magnússon, Bessí Jóhannsdóttir.

1. gr.

E-liður 1. mgr. 30. gr. laganna, sbr. l. nr. 25/1986, falli brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 25 frá 5. maí 1986 var gerð sú breyting á 30. gr. l. nr. 46 frá 27. júní 1985 að bætt var við nýjum staflið, e, aftan við 1. mgr. greinarinnar og er hann svohljóðandi:
„e. heimilt að innheimta sérstakt jöfnunargjald af innfluttum kartöflum og vörum unnum úr þeim. Gjald þetta skal greitt af tollverði hinnar innfluttu vöru og má að hámarki ákveða gjaldið annaðhvort þannig að:

1. samanlagt tollverð og jöfnunargjald hinnar innfluttu vöru miðað við meðaltal innflutningsverðs viðkomandi vöru eða vöruflokks síðasta almanaksmánuð sé ekki hærra en heildsöluverð sömu vöru án álagningar þegar það er ákveðið skv. 13.–15. gr. í innlendri framleiðslu,
2. eða lagt sé allt að 200% gjald á tollverð hinnar innfluttu vöru sé heildsöluverð viðkomandi framleiðsluvöru hér á landi ekki ákveðið skv. 13.–15. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um álagningu jöfnunargjalds og hvaða vörur skuli gjaldskyldar. Að öðru leyti gilda ákvæði 33. gr. um innheimtu á jöfnunargjaldi skv. þessum staflíð. Tekjur af gjaldi þessu skulu renna í ríkissjóð. Ákvæði 2. mgr. 35. gr. gilda ekki um ákvarðanir skv. þessum staflíð.“

Á s.l. vori urðu miklar umræður um þessa lagasetningu á Alþingi. Helstu rök fyrir setningu lagaákvæðisins komu fram í greinargerð og framsögu landbúnaðarráðherra og voru þessi:

1. Að í ýmsum tilvikum væru þær vörur, sem hér um ræðir og fluttar voru inn, niðurgreiddar verulega af stjórnvöldum innflutningslandanna.
2. Að þegar innlend framleiðsla er enn á markaði, en innflutningur þyrfti samt að verða, raskaði innflutningur á lægra verði mjög samkeppnisaðstöðu innlendu framleiðslunnar og skerti möguleika innlendra framleiðenda til að tryggja nægjanlegt vöruframboð til frambúðar, en þessar aðstæður hefðu m.a. gert innlendum fyrirtækjum, sem vinna úr kartöflum, erfitt fyrir í samkeppni við niðurgreidda erlenda framleiðslu.

Þá var því lýst yfir af forsætisráðherra að frumvarpið væri eingöngu flutt til að heimild fengist til að vernda innlenda framleiðslu á kartöflum þegar um óeðlilega verðfellingu væri að ræða.

Þeir sem andmæltu þessari tillögu nefndu helst:

1. Að með samþykkt frumvarpsins mundi verð á kartöflum og vörum unnum úr þeim hækka til neytenda.
2. Framleiðendur nytu þegar nærgrar verndar vegna þess að innflutningur á þessum vörum væri bannaður meðan nægjanlegt framboð væri af innlendri framleiðslu.
3. Talið var vafasamt að svo víðtækt framsal skattlagningarvalds væri heimilt miðað við 40. gr. stjórnarskrárinnar.
4. Álögur á innfluttar iðnaðarvörur, sem unnar væru úr kartöflum, væru allt að 170% þegar allt væri talið, í því væri fólgin óvenjumikil vernd og ætti að nægja fyrir innlendu verksmiðjurnar.
5. Að álagning vörugjalds skv. frv. mundi hækka framfærslukostnað og valda hækkunum á vísitölum honum tengdum.

Þegar jöfnunargjaldið var lagt á s.l. sumar skv. l. nr. 25/1986 var það lagt á kartöflur og ákveðnar vörur unnar úr þeim, þ.e. svonefndar franskar kartöflur. Eftirtektarvert var að þegar jöfnunargjaldið var lagt á var innlend framleiðsla nánast uppurin og dugði aðeins til um viku neyslu. Afleiðingarnar af álagningu gjaldsins voru þær að verð á þessum vörum stórhækkaði til neytenda, framfærsluvísitala hækkaði vegna þessara verðhækkana svo að hún fór fram úr viðmiðunarmörkum þeim sem kjarasamningar kváðu á um, u.þ.b. um sama prósentustig og áhrifum jöfnunargjaldsins nam. Þetta leiddi til útgjaldaaukningar hjá atvinnurekendum sem nam skv. lauslegum útreikningi um 200 milljónum króna sé miðað við heilt ár. Jafnframt þessu hafði meðferð landbúnaðarráðherra á þessari skattlagningarheimild það í för með sér að verðsamkeppni hvað þessar vörur snerti brenglaðist til tjóns fyrir neytendur. Í því efni fer fjarri að öll kurl séu komin til grafar.

Þá ber að taka sérstaklega fram að ekki hefur verið sýnt fram á að þær vörur, sem jöfnunargjaldið tekur til, séu niðurgreiddar eða verðfelldar af erlendum stjórnvöldum, en ákvæðinu var beitt þrátt fyrir það.

Að fenginni reynslu er því brýnt að fella þessi ákvæði úr lögum um framleiðslu og sölu á búvörum. Ljóst er að þau vernda ekki hag innlendra framleiðenda en eru eingöngu notuð til að styrkja samkeppnisaðstöðu kartöfluverksmiðja sem framleiða svonefndar franskar kartöflur. Sú framleiðsla nýtur þegar mun meiri verndar en önnur iðnaðarframleiðsla og því engin rök fyrir því að þessir framleiðendur njóti sérstakrar verndar umfram aðra. Af þessum sökum er frumvarp þetta flutt.